



Reykjavík, 1. mars 2024  
PON23080004

**Efni: Heimild til þess að hefja verkefnið eignaumsjónarkerfi fyrir stofnanir menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd menningar- og íþróttasviðs (MÍR), að hefja verkefnið eignaumsjónarkerfi fyrir stofnanir menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar.

Verkefnið snýst um innleiðingu á eignaumsjónarkerfi til þess að halda utan um viðhald og viðgerðarsögu safnahúsa og annarra eigna sviðsins, þ.m.t. tækjabúnað sem tengist sundlaugum Reykjavíkurborgar.

Verkefnið mun veita betri yfirsýn og stýringu á eignasafni sviðsins. Það leiðir til minni viðhaldskostnaðar eigna en sama skapi aukins líftíma eigna. Kerfið mun jafnframt auka öryggi og aðgengi upplýsinga, fækka handtökum starfsmanna og draga úr hættu á slysum sem tengjast eignasafni.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer verkefnisins er 237705.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2024 til desember 2024. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun eru 14 m.kr., þar af tilheyra 11 m.kr. eignarsjóði á framkvæmdatímanum og 3 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 5 ára tímabili sem tilheyrir umhverfis- og skipulagssviði.

Greinagerð fylgir beiðninni.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,  
Sviðsstjóri

## Greinargerð

### *Forsaga / Áskoranir*

Í dag skortir stofnunum MÍR miðlæga yfirsýn yfir eignarsafn sitt sem og utanumhald yfir viðhald og endurnýjun á búnaði sem tilheyrir sviðinu. Borgarsögusafn t.a.m. glímir við skort á skráningu yfir viðgerða- og viðhaldssögu þeirra safnahúsa sem heyra undir safnið. Það sama á við um sundlaugar Reykjavíkur er varðar eignaskráningu á tækjabúnaði sem fylgir sundlaugarekstri. Jafnframt skortir hvorn stað fyrir sig beiðnakerfi fyrir viðgerðir og viðhald. Boðleiðir eru af þeirri sök of langar svo myndast getur flöskuháls og óþarfa bið eftir úrlausn verkefna.

Vegna vöntunar á samræmdu kerfi er skráning gagna vistuð á dreifðum svæðum ýmist á Word eða Excel skjölum. Gögn geta þannig verið óaðgengileg þeim sem þurfa á að halda vegna fyrirliggjandi verkefna, erfitt er að rekja viðhalds- og viðgerðarsögu sem eykur líkur á villum og tvíverknaði. Slíkt getur haft í för með sér að iðnaðarmenn komi oftast en þörf er á eða að vinna tefjist vegna flókans aðgengis að upplýsingum. Hlýst af þessu óþarfa fjárútlát og tíma starfsmanna illa varið.

### *Tilgangur / Ávinningur*

Tilgangur verkefnisins er að innleiða eignaumsjónarkerfi fyrir MÍR. Kerfið þarf að halda utan um viðhalds- og framkvæmdasögu safnhúsa Borgarsögusafns Reykjavíkur, veita yfirsýn yfir tækjabúnað í eigu sundlauga Reykjavíkur, ásamt skráningu á viðhaldi á þeim búnaði og þeirri endurnýjun sem gerð hefur verið á honum. Jafnframt þarf kerfið að innihalda beiðnakerfi vegna viðhalds og viðgerða sem styttr boðleiðir og flýttir fyrir úrlausn fyrirliggjandi verkefna.

Skráning í rafrænt og miðlægt eignaumsjónarkerfi leysir þann vanda sem að ofan var lýst. Kerfið mun gera það að verkum að starfsmenn MÍR geta nálgast upplýsingar um viðhald á búnaði, húsum og öðrum eignum á skjóttan og einfaldan hátt. Það mun spara vinnustundir að hafa nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar í kerfi sem veitir skýra yfirsýn. Jafnframt mun kerfið draga verulega úr líkum á tvíverknaði og/eða mistökum sem og óþarfa fjárútlátum. Kerfið mun auk þess hafa í för með sér varðveislu á sögu og þekkingu.

Skráning í eignaumsjónarkerfi mun nýtast við áætlanagerð og gerð spálíkana þegar kemur að því að taka ákvarðanir um endurnýjun á kostnaðarsömum búnaði. Viðhald og endurnýjun á tæknibúnaði og safnhúsum ætti að verða markvissari sem leiðir til betri nýtingar á tækjum og vinnustundum. Það ætti lækka rekstrarkostnað og veita tækifæri til hagræðingar og virðisauka. Jafnframt ætti það að draga úr slyshættu í sundlaugum borgarinnar að allur búnaður sé örugglega uppfærður á réttum tíma.



Verkefnið samræmist markmiðum stafrænnar vegferðar borgarinnar um að auðvelda starfsmönnum faglega vinnu og nýta betur vinnustundir. Einnig styður verkefnið við Græn skref borgarinnar með því að draga úr sóun og líkum á kostnaðarsömum mistökum og/eða tvíverknaði.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá mars 2024 til desember 2024. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun eru 14 m.kr., þar af tilheyra 11 m.kr. eignarsjóði á framkvæmdatímanum og 3 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 5 ára tímabili sem tilheyrir umhverfis- og skipulagssviði.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Próstur Sigurðsson,  
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur